



FRÉTTABRÉF MARS

Kæra skólasamfélag, marsmánuður þýtur hjá og nóg er um að vera hjá okkur í Vatnsendaskóla.

Nemendur okkar í 1. til 3. bekk tóku þátt í Íslandsmóti barnaskólasveita í skák þann 22. febrúar. 26 nemendur tóku þátt og fóru mótið fram í Faxafeni. Nemendur skiptust í 6 sveitir og fengu fjórar þeirra verðlaun á mótinu. B sveitin lenti í þriðja sæti Íslandsmeistara og fékk bronsverðlaun og bikar. C sveit, E sveit og F sveit voru efstar í sínum flokki og fengu verðlaun. Börnin lögðu sig fram og stóðu sig með miklum sóma.

Öskudagur var haldinn hátíðlegur 6. mars og mættu í skólann ýmsar kynjaverur. Börn og starfsmenn skemmtu sér vel í ýmsum smíðjum sem börnin gátu valið sér. Ánægðir nemendur fóru heim eða í frístund eftir hádegisverð og ávintýrin héldu áfram.

Stóra upplestrarkeppnin í grunnskólum Kópavogs var haldin fimmtudaginn 7. mars, í Salnum. Þar komu saman nemendur úr 7. bekk og kepptu í upplestri. Ninja Tíbrá Íslind, Hólmi Friður Þrastardóttir og Karítas Svana Elfarsdóttir tóku þátt fyrir hönd Vatnsendaskóla og stóðu þær sig með þrýði og erum við mjög stolt af þeim.



Samræmd próf hafa nú staðið yfir hjá 9. bekk, prófað er í íslensku 11. mars, stærðfræði 12. mars og ensku 13. mars. Framkvæmdin gekk vel og nemendur sjálfsagt ánægðir með að þessum áfanga sé nú lokið. Niðurstöður prófanna eru væntanlegar með vorinu. Að loknu prófi fóru nemendur í 9. bekk upp í Bláfjöll og gistu þar í eina nótt.

Þann 19. mars er skipulagsdagur í öllum grunnskólum Kópavogs en frístundin hjá okkur verður opin fyrir þau börn sem þar eru skráð. Grunnskólarnir halda sameiginlegt skólaþing síðdegis þennan dag en fyrri hluti dags fer í skipulag skólastarfs. Á skólaþingi verða margar málstofur og örfyrirlestrar. Markmiðið er að kennarar í Kópavogi hittist og fræðist og ræði saman um skólastarfið. Fyrri hluta dags er unnið í skólanum og þá sérstaklega að undirbúningi fyrir þemadaga sem hefjast í skólanum 25. mars. Að þessu sinni er þemað *ofurhetjur* og verður unnið með verkefnið á marga vegu. Allir nemendur skólans tóku þátt í að velja hvert þemað yrði og bar verkefnið ofurhetjur sigur úr bítum þegar kosid var á milli verkefna.

Foreldrafélag Vatnsendaskóla hefur verið með mjög áhugaverða fyrirlestra fyrir foreldra nú frá áramótum og hafa þeir verið vel sóttir. Þann 19. febrúar var Vanda Sigurgeirsdóttir frá KVAN að segja frá því starfi sem KVAN hefur unnið með kennurum skólans í vetur í átt að bættum skólabrag. Hún ræddi einnig um vináttu barna, félagsfærni og hvernig við getum öll aðstoðað börnin okkar til betri samskipta. 12. mars var Björn Hjálmarsson barnalæknir á BUGL með erindi um hvað er heilbrigð skjánotkun.

Starfsmannasamtöl stjórnenda með starfsmönnum skólans standa nú yfir og undirbúningur fyrir næsta skólaár er kominn í gang. Einnig er skólaráðið að undirbúa skólaþing sem haldið verður áður en skóla líkur nú í vor. Í maí fer starfsfólk skólans í námsferð til Edinborgar með fagfólki frá KVAN en kennarar og stjórnendur hafa verið á námskeiði hjá þeim í vetur. Aðrir starfsmenn fá slíkt námskeið í ferðinni.

Pangea úrslitakeppnin verður haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð laugardaginn 23. mars. Baldur Jökull Ásmundsson í 9. Rauðberjalyngi hefur tryggt sér rétt til þess að taka þátt í úrslitum. Erfitt er að fá sæti en alls eru 42 nemendur sem fá sæti í 9 bekk. Alls tóku þátt um 3.300 nemendur. Stórkostlegt afrek hjá honum. Við óskum honum innilega til hamingju með árangurinn.

Bestu kveðjur frá okkur í Vatnsendaskóla.
Guðrún Soffía Jónasdóttir, Skólastjóri

Vatnsendaskóli
er hnetulaus
skóli

Skipulagsdagur

19. mars

Mentor appið er
hægt að nálgast
bæði fyrir apple
og android tæki

Tilkynna þarf
veikindi
nemenda í síma
441 4000 eða
skrá þau á
mentor.is

Vatnsendaskóli
Funahvarfi 2
203 Kópavogur

441 4000

vatnsendaskoli@kopavogur.is

Matseðillinn er birtur með fyrirvara um breytingar.

Meðlætisbar og ávextir með öllum máltíðum.

Matseðill

				1. mars Lambabuff, kartöflur, grænmeti og brún sósa.
4. mars Bolludagur Fiskibollur, kartöflur, grænmeti og sósa.	5. mars Sprengidagur Saltkjöt og baunir.	6. mars Öskudagur Lasagne og salat.	7. mars Léttsöltuð ýsa, kartöflur og salat.	8. mars Grænmetisbuff, hrísgrjón salat og karrýsósa.
11. mars Kjúklingabitar, kartöflur, grænmeti og sveppasósa.	12. mars Cordon bleu, kartöflur og brún sósa.	13. mars Aspassúpa og samloka með skinku og osti.	14. mars Hakk og spagettí.	15. mars Sænskar kjötbollur, kartöflumús og brún sósa.
18. mars Ofnbökuð ýsa, kartöflu og salat.	19. mars Skipulagsdagur	20. mars Grjónagrautur og slátur.	21. mars Plokkfiskur og rúgbrauð.	22. mars Kjúklingapasta og salat.
25. mars Fiskur í kfc hjúp, kartöflur og salat.	26. mars Píta með buffi, grænmeti og pítusósa.	27. mars Sjávarréttasúpa og brauðbollur.	28. mars Kjötbollur, kartöflur og kál.	29. mars Kjöt í karrý, hrísgrjón og grænmeti.